

áðurgreint útburðarmál, sem fjalli um sama efni og mál þetta, sé nú rekið fyrir fógetadómi og hafi verið tekið þar til meðferðar, áður en mál þetta var þingfest hér.

Stefnendur byggja kröfur sínar um, að frávísunarkröfunni verði hrundið, á því, að stefna sé út gefin í máli þessu, áður en útburðarmálið var tekið til meðferðar í fógetadómi og áður en beiðni um útburðargerðina barst fógeta. Hafa stefnendur í þessu sambandi bent á, að samkvæmt 103. gr. laga nr. 85 frá 1936 sé mál talið höfðað við birtingu sátta-kæru eða stefnu, en stefna í máli þessu hafi verið birt 10. marz sl. Af þessu leiði, að vísa beri útburðarmálinu frá fógetadómi. Hafa stefnendur haft þar uppi kröfu um frávísun.

Eins og áður er rakið, var útburðarmál stefnda á hendur stefnendum tekið til meðferðar í fógetadómi 14. marz sl., en bæjarþingsmál þetta þingfest 17. s. m. Með vísun til 3. mgr. 104. gr. einkamálalaganna ber því að vísa máli þessu hér frá dómi, enda hafa kröfur stefnda fyrir fógetadómi ekki sætt frávísun.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 16. maí 1949.

Nr. 149/1948. **Réttvísun og valdstjórnin** (Magnús Thorlacius)
gegn

Ólafi Þóri Hansen og Sigurði Kristjáni Krist-
inssyni (Kristján Guðlaugsson)

og

Réttvísun (Magnús Thorlacius)

gegn

Ingiberg Kvist Sigurgeirssyni

(Kristján Guðlaugsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Þjófnaður. Fjársvik. Ólögleg áfengisneyzla.

Dómur Hæstaréttar.

Dómur í sakamáli gegn ákærðu var kveðinn upp 14. maí

1948. Síðar varð ákærði Ólafur Þórir uppvís að afbrotum, er hann hafði framið fyrir þann tíma. Var mál því höfðað gegn honum af nýju og honum dæmdur refsiauki 15. október 1948. Báðum þessum málum var áfrýjað til Hæstaréttar, þar sem þau voru sameinuð.

Ákærði Ólafur Þórir hefur brotið refsíákvæði þau, sem greind eru í héraðsdóminum. Samkvæmt þeim ákvæðum svo og 72. og 255. gr. laga nr. 19/1940 þykir refsing á hendur honum hæfilega ákveðin fangelsi 18 mánuði.

Athæfi ákærða Sigurðar Kristjáns hefur héraðsdómari fært til réttra refsíákvæða. Er refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði.

Eigi þykir verða staðhæft, að ákærða Ingibergi Kvist hafi verið ljóst, er félagar hans tóku hjólbarðana, að þeir væru þá að fremja þjófnað. Hitt gat honum, eins og á stóð, eigi dulizt, að munir þessir voru þeim ófrjálsir. Varðar þátttaka hans í þjófnaðarafbrotum þessum því við 254. gr. laga nr. 19/1940, og er refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 2 mánuði.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um frádrátt gæzluvarðhaldstíma, sviptingu réttinda, skaðabætur og sakarkostnað ber að staðfesta.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði Ólafur Þórir Hansen sæti fangelsi 18 mánuði.

Ákærði Sigurður Kristján Kristinsson sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákærði Ingiberg Kvist Sigurgeirsson sæti fangelsi 2 mánuði.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um frádrátt gæzluvarðhaldstíma, sviptingu réttinda, skaðabætur og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækj-

anda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmann-
anna Magnúsar Thorlacius og Kristjáns Guðlaugssonar,
kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 14. maí 1948.

Ár 1948, föstudaginn 14. maí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem hald-
inn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara,
kveðinn upp dómur í málinu nr. 2287—89/1948: Réttvísinn og valdstjórnin
gegn Ólafi Þóri Hansen og Sigurði Kristjáni Kristinssyni og réttvísinn
gegn Ingiberg Kvist Sigurgeirssyni, — sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn
ákærðu Ólafi Þóri og Sigurði Kristjáni til refsingar og greiðslu sakar-
kostnaðar og einnig gegn ákærða Ólafi Þóri til greiðslu skaðabóta fyrir
brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940,
áfengislögum, nr. 33 9. janúar 1935, bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941,
og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. janúar 1930. Gegn ákærða
Ingiberg Kvist er málið af réttvísinnar hálfu höfðað til refsingar og
greiðslu málskostnaðar fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningar-
laga, nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærðu eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna. Ákærði Ólafur
Þórir Hansen sjómaður, Kletti við Kleppsvæg, er fæddur í Reykjavík 21.
apríl 1928 og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og
refsingum:

- 1940 17/5 Kærður fyrir brot gegn 19. gr. lögreglusamþ. Rvíkur.
- 1942 2/2 Áminntur fyrir þátttöku í rúðubroti.
- 1942 1/7 Kærður af barnaverndarnefnd fyrir óknytti (vinnuleysi, úti-
vistir og óhlýðni við foreldra).
- 1942 18/8 Uppvís að þjófnaði á reiðhjóli.
- 1943 23/2 Kærður fyrir ólæti í veitingahúsi.
- 1943 27/10 Áminntur fyrir strákapör.
- 1943 27/10 Uppvís að þjófnaði á reiðhjóli.
- 1943 22/11 Kærður fyrir þátttöku í þjófnaði á hönzukum, veski, bók, til-
raun til þjófnaðar á dekki, lindarpenna (tvisvar), veski,
hönzukum (6 sinnum), lindarpenna, veskjum (tvisvar), hönzku-
m, pennum, hönzukum (tvisvar), bifreiðadekki, tjaldi og
dekki. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins 28/11 1944 var saksókn
út af framangreindum þjófnaði á bifreiðadekkjum 22/11
felld niður skv. 30. gr. hegningarlaganna og eftir tillögum
barnaverndarnefndar Reykjavíkur gegn því, að kærður verði
háður eftirliti í 2 ár frá 22/11 1944 að telja. Gerist kærður
sekur um nýtt brot á eftirlitstímanum eða óhlýðnist veru-
lega settum reglum, þá ber að taka málið upp að nýju.

- 1944 21/9 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1945 20/1 Sátt, 75 kr. sekt og 100 kr. skaðabætur fyrir ölvun og óspektir.
- 1945 2/2 Dómur aukaréttar, 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. og 245. gr. hegningarlaganna og áfengislögunum.
- 1945 16/5 Dómur lögregluréttar, 20 daga varðhald og sviptur rétti til þess að öðlast ökuskirteini í 3 mánuði, eftir að hann hefði aldur til að öðlast það, fyrir að stýra stolinni bifreið ölvaður og réttindalaus. Greiði in solidum með Ívari Rogne kr. 1009.87 í skaðabætur.
- 1945 25/5 Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og brot gegn 3. gr. lögreglusamb. Rvíkur, 420 kr. skaðabætur í sama máli.
- 1945 15/9 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1945 21/10 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1945 27/11 Dómur aukaréttar, 3 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir þjófnað og brot gegn 3. gr. lögrsp. Rvíkur.
- 1946 21/4 Siglufj. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni.
- 1946 3/6 Dómur aukaréttar, 2 mánaða fangelsi og sviptur rétti til að öðlast ökuskirteini ævilangt fyrir brot gegn 259. gr. hegningarlaganna, 20. gr., 1. mgr., 23. gr., 1. mgr., og 26. gr., 2. mgr., sbr. 38. gr. bifreiðalaganna, 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaganna og 46. sbr. 96. gr. lögrsp. Reykjavíkur.
- 1946 19/6 Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1946 6/8 Siglufj. Sátt, 60 kr. sekt fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni.
- 1946 12/10 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1946 30/11 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1947 6/1 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 1 árs fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir þjófnað, rán og áfengislagabrot.
- 1948 24/4 Rvk. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- Ákærði Sigurður Kristján Kristinsson verkamaður, Bergþórugötu 20, er fæddur 16. janúar 1930 og hefur, svo að vitað sé, sætt þessum kærnum og refsingum:
- 1941 30/10 Kærður fyrir þjófnað á kaninum. Afgr. til barnaverndarn.
- 1947 14/5 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi og ævilangt rétti til að öðlast ökuskirteini, fyrir þjófnað, nytjastuld, áfengisлага- og bifreiðalagabrot.
- 1947 14/6 Dómur sama réttar, 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. og 245. gr. hegningarlaganna og 17. gr. sbr. 37. gr. áfengislaganna.
- 1948 24/4 Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- Ákærði Ingiberg Kvist Sigurgeirsson verkamaður, Múlacamp 4, er

fæddur hér í bæ 8. apríl 1929 og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

- 1938 20/5 Kærður fyrir að kveikja í rusli úti. Afgr. til barnaverndar-nefndar.
- 1938 15/6 Kærður fyrir reiðhjólspjófnað. Sams konar afgreiðsla.
- 1939 11/2 Kærður fyrir hvellbyssunotkun á almannafæri. Sams konar afgreiðsla.
- 1939 8/7 Kærður fyrir hnupl. Sams konar afgreiðsla.
- 1940 26/10 Kærður fyrir þjófnað. Sams konar afgreiðsla.
- 1946 9/8 Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot gegn 14. gr., 17. gr. og 20. gr., 1. mgr., bifreiðalaganna.
- 1947 14/5 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir þjófnað og bifreiðalagabrot.
- 1948 31/1 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 10 daga varðhald fyrir að fá ölvuðum manni í hendur stjórn bifreiðar.

Verða nú málavextir raktir samkvæmt eigin framburðum ákærðu og því, er á annan hátt er upplýst í máli þessu:

I.

Miðvikudagskvöldið 14. f. m. sat ákærði Ólafur Þórir við drykkju með Ágústi Kjartanssyni í herbergi hans í Miðstræti 5. Var ákærði Ólafur Þórir um stund einn inni í herberginu og stal þá 100.00 krónum úr peningaveski Ágústs. Einnig stal hann 50.00 krónum og skömmtunarbók frá herbergisfélagi Ágústs, Magnúsi Albertssyni. Skömmtunarbókina seldi ákærði Ólafur Þórir einhverjum manni, sem hann veit engin deili á, fyrir 20.00 krónur. Ágúst Kjartansson kveður hann einnig hafa stolið frá sér átekinni áfengisflösku, en því hefur ákærði neitað, og er það ósannað.

Ágúst Kjartansson hefur krafizt þess, að ákærði Ólafur Þórir verði dæmdur til að greiða sér í skaðabætur kr. 150.00, og Magnús Albertsson hefur krafizt þess, að hann verði dæmdur til að greiða sér kr. 50.00 í skaðabætur. Báðar þessar kröfur hefur ákærði Ólafur Þórir samþykkt, og verða þær því þegar af þeirri ástæðu að öllu leyti teknar til greina.

Með þjófnaði þessum hefur ákærði Ólafur Þórir gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

II.

Fimmtudagskvöldið 15. f. m. var ákærði Ólafur Þórir staddur uppi hjá Laufskálacafé. Hitti hann þar Guðmund Kristján Ottósson sjómann, skála 12 í Þóroddsstaðahverfi, og Friðgeir Þorvald Eiríksson sjómann, Karlagötu 24, og urðu þeir allir samferða í leigubifreið til bæjarins. Allir voru þeir við skál og þó mest Friðgeir Þorvaldur. Úr bifreiðinni fóru þeir við Selbúðirnar, og var Friðgeir Þorvaldur þá svo drukkinn, að hann komst ekki hjálparlaust út úr henni. Eftir þetta man hann ekki

eftir sér fyrr en nokkru síðar, er lögregluþjónar fundu hann liggjandi ósjálfbjarga í götunni. Saknaði hann þá peningaveskis síns, sem hann kveður kr. 100.00 hafa verið í, vindlakveikjara, er kostað hafi kr. 48.00, og gullhrings, sem kostað hafi kr. 150.00. Taldi hann ákærða Ólaf Þóri hafa ráðið á sig og rænt framangreindum verðmætum. Ákærði Ólafur Þórir skýrir svo frá, að hann hafi orðið að hjálpa Friðgeiri Þorvaldi út úr bifreiðinni sökum ofurölvunar hans. Hafi hann leitað í vösum Friðgeirs Þorvalds, en enga peninga fundið, tekið af honum gullhringinn og vindlakveikjarann og því næst látið hann setjast á gangbretti bifreiðar, sem var þarna nærri. Meðan þessu fór fram, var bifreiðarstjórinn farinn og Guðmundur Ottósson inni í nálægu húsi. Síðan fór hann og ákærði Ólafur Þórir um borð í bát þann, sem Guðmundur var skipverji á. Auk vindlakveikjarans og hringsins kveðst ákærði Ólafur Þórir hafa tekið brennivínsflösku af Friðgeiri Þorvaldi, en eigi verður annað séð en Guðmundur Ottósson hafi átt hana.

Gegn eindregnum mótmælum ákærða er ekki sannað, að hann hafi barið Friðgeir Þorvald né tekið af honum peningaveskið.

Hringinn kveðst ákærði hafa selt fyrir kr. 50.00 einhverjum manni, sem hann veit engin deili á, og eigi hefur heldur hafzt uppi á vindlakveikjaranum. Friðgeir Þorvaldur hefur krafizt þess, að ákærði Ólafur Þórir verði dæmdur til að greiða sér í skaðabætur kr. 200.00. Ákærði hefur fallizt á þessa kröfu, og verður hún því tekin til greina.

III.

Föstudagskvöldið 23. f. m. voru saman kærðu Ólafur Þórir og Sigurður Kristján, sem átti kr. 70.00 í peningum, en ákærði Ólafur var með lindarpenna, er hann kveðst hafa stolið um borð í einhverjum báti. Í fyrstu kváðust þeir hafa keypt eina flösku af brennivíni af Aðalsteini Grímssyni bifreiðarstjóra, Laugavegi 27, fyrir 70.00 krónurnar og veðsett honum lindarpennann fyrir kr. 20.00. Þessu hefur Aðalsteinn neitað og segist aðeins hafa lánað ákærða Ólafi Þóri kr. 20.00 og fengið lindarpennann að veði. Síðar breytti ákærði Ólafur Þórir framburði sínum í samræmi við framburð nefnds Aðalsteins og kvaðst hafa keypt brennivínsflöskuna af einhverjum öðrum bifreiðarstjóra, en ákærði Sigurður Kristján segist ekkí vera viss um, að Aðalsteinn sé bifreiðarstjóri sá, er seldi þeim félögum áfengið.

Áfengisins neyttu þeir inni í tveim veitingastofum hér í bænum og fóru því næst að Hringbraut 209. Þar stálu þeir nýjum bifreiðarhjólbarða á felgu og fóru með hann að húsi við Víðimel, en þangað ætluðu þeir að sækja hann síðar og koma honum í peninga. Síðar fóru þeir að Hringbraut 145 og stálu úr olæstri jeppabifreið blöndungi, er þeir svo köstuðu inn í kirkjugarðinn. Þá gerðu þeir tilraun til að brjótast inn í læsta vörubifreið, er stóð fyrir utan húsið Ásvallagötu 35, og ætluðu að aka í henni inn í Múlacamp, þótt báðir væru þeir drukknir og hvorugur þeirra hefði bifreiðarstjóraréttindi, en þetta mistókst þeim. Er hér var komið, hugðist

ákærði Ólafur Þórir losa sig við féлага sinn og fór inn um opinn glugga inn í kjallarann á nefndu húsi í íbúð Kristins Sófusar Pálmasonar, en kom þaðan brátt aftur án þess að hafa þaðan nokkuð á brott með sér að ófrjálsu. Hefur Kristinn Sófus enga kröfu gert í máli þessu. Eftir þetta fóru þeir félagar í leigubifreið inn í Múlacamp, en þar býr móðir ákærða Sigurðar Kristjáns, og skildu við bifreiðarstjóran, sem eigi er vitað, hver er, án þess að greiða ökugjaldið, enda voru þeir félausir. Dvöldust þeir nokkura stund hjá móður ákærða Sigurðar Kristjáns, en áður en þeir fóru þaðan, tóku þeir skiptilykil, er þeir ætluðu að nota til að losa hjólbarða af bifreiðum, og héldu síðan til ákærða Ingibergrs Kvists, sem slóst í förina með þeim. Lofaði ákærði Ingiberg að annast sölu hjólbarðans, er félagar hans höfðu stolið á Hringbraut 209, og segja þeir, að hann hafi vitað, að hjólbarðinn var stolinn, en því hefur ákærði Ingiberg Kvist neitað og segist ekki hafa betur vitað en ákærði Ólafur Þórir ætti hann. Þeir félagarnir héldu nú allir að Kaplaskjólsvægi 3 og tóku þar bifreiðarhjólbarða á felgu, sem stóð uppi við grindverk. Einnig tóku þeir annan bifreiðarhjólbarða á felgu úr kjallaragangi hússins nr. 22 við Hofsvallagötu, en kjallaradyr húss þessa voru ólæstar, og af rælni opnaði ákærði Ólafur Þórir þær. Hjólbörðunum veltu þeir að bæjarhúsunum við Hringbraut og skildu þá þar eftir, en ákærði Ingiberg Kvist ætlaði svo að reyna að selja þá, en tókst það ekki. Því næst gengu þeir að skóbúð við Bankastræti, og mun klukkan þá hafa verið um 6 að morgni. Við skóbúðina var löng bíðröð af kvenfólki, en ákærðu Ólafur Þórir og Sigurður Kristján voru þar með óspektir, svo að þeir voru handteknir.

Ákærði Ingiberg Kvist fullyrðir, að hann hafi ekki betur vitað en ákærði Ólafur Þórir ætti alla hjólbarðana, enda hafi hann spurt féлага sína að því og þeir sagt það vera. Ákærðu Ólafur Þórir og Sigurður Kristján kveða aftur á móti, að meðákærða Ingiberg Kvist hafi verið fullljóst, að þeir væru að stela hjólbörðunum, enda hafi verið haft orð á því við hann, áður en þeir frömdu þjófnaðina á síðastnefndum tveim hjólbörðum. Verður því að telja sannað, að ákærði Ingiberg Kvist hafi tekið þátt í þjófnuðum þessum með fullri vitund um, hvað þeir félagar aðhöfðust, enda hefði hann mátt vita það, þótt eigi hefði verið haft orð á því við hann.

Uppi á hjólbörðunum og blöndungnum hafðist, og þeim var komið til eiginanna, sem engar kröfur hafa gert í máli þessu.

Með þjófnuðum þessum hafa ákærðu gerzt brotlegir við 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940. Einnig hafa ákærðu Ólafur Þórir og Sigurður Kristján gerzt brotlegir við 248. gr. nefndra laga með vanskilum ökugjaldsins.

Ákærðu Ólafur Þórir og Sigurður Kristján hafa með tilraun sinni til að aka bifreið með áhrifum áfengis gerzt brotlegir við 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1941. Með neyztu áfengis inni í veitingastofum og óspektum á almannaferi hafa þeir gerzt brotlegir við 1. mgr. 17. gr.

sbr. 1. mgr. 37. gr. áfengislaga, nr. 33 9. janúar 1935, og 7. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík, nr. 2 7. janúar 1930.

Refsingu ákærðu ber að ákveða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða Ólafs Þóris með hliðsjón af fyrri brotum hans hæfilega ákveðin fangelsi í eitt ár, refsing ákærða Sigurðar Kristjáns fangelsi í 6 mánuði og refsing ákærða Ingibergs Kvists fangelsi í 4 mánuði.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, ber að ákveða, að gæzluvarðhald ákærða Ólafs Þóris frá 24. f. m. og gæzluvarðhald ákærða Sigurðar Kristjáns frá 26. f. m. komi refsingum þeirra til frádráttar.

Alla hina ákærðu ber að svipta kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.

Alla hina ákærðu ber að dæma in solidum til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði Ólafur Þórir Hansen sæti fangelsi í eitt ár.

Ákærði Sigurður Kristján Kristinsson sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Ingiberg Kvist Sigurgeirsson sæti fangelsi í 4 mánuði.

Gæzluvarðhald ákærða Ólafs Þóris Hansens frá 24. apríl 1948 og gæzluvarðhald ákærða Sigurðar Kristjáns Kristinssonar frá 26. sama mánaðar komi refsingum þeirra til frádráttar.

Ákærðu eru allir frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Ólafur Þórir Hansen greiði Ágústi Kjartanssyni kr. 150.00, Magnúsi Albertssyni kr. 50.00 og Friðgeiri Þorvaldi Eiríkssyni kr. 200.00, allt innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 15. október 1948.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ólafi Þóri Hansen, nú refsifanga í hegningarhúsinu hér í bæ, fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, áfengislögum, nr. 33 9. janúar 1935, og reglugerð nr. 164 2. október 1940.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 21. apríl 1928 í Reykjavík, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum refsingum:

1948 14/5 Rvík. Dómur aukaréttar, 1 árs fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna, bifreiðalögum, áfengislögum og lögreglusamþ. Rvíkur.

(Sjá um hegningarvottorðið að öðru leyti bls. 192—193 hér að framan.)

Samkvæmt eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við það, sem með öðrum hætti er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

I.

Aðfaranótt 3. febrúar sl. var ákærði staddur undir áhrifum áfengis í Hafnarstræti hér í bæ, og datt honum þá í hug að fara inn í efnalaug við þá götu til að athuga, hvort hann gæti ekki fundið þar eitthvað fémætt, sem hann gæti slegið eign sinni á. Hann fór inn í portið á bak við húsið, sem efnalaugin var í, og sá þar glugga, sem var brotinn eða illa kræktur aftur. Ákærða minnir þó frekar, að rúðan hafi verið brotin í honum og að hann hafi farið með hendina inn um opið og opnað gluggann með því að losa hann af krókunum. Ákærði fór síðan inn um gluggann og var þá kominn inn í afgreiðsluherbergi í efnalauginni. Sló hann eign sinni á nokkur herðatré með fatnaði, sem hefur verið, eftir því sem fram hefur komið í málinu, 4 karlmannaajakkar og tvennar karlmanna-buxur. Hann hélt síðan með fatnaðinn á herðatrjánnum út úr efnalauginni út um dyr, sem læstar voru með smekklás, sem hann gat opnað að innanverðu. Ákærði hélt síðan upp á Arnarhólstún, en fannst þá fatnaðurinn helzt til þungur. Skildi hann því fatnaðinn og herðatrén þar eftir og skeytti ekkert meira um varninginn, en hélt heim til sín.

II.

Aðfaranótt 26. febrúar sl. var ákærði staddur eitthvað undir áhrifum áfengis hjá Lækjartorgi hér í bæ, og datt honum þá í hug að fara inn í hús við Kalkofnsveg, þar sem bifreiðastöðin Hreyfill hefur aðsetur sitt, til að slá eign sinni á verðmæti, sem hann kynni að finna þar. Hann fór á bak við húsið og sprengdi með öxlinni „fullning“ frá í hurð þar. Hann hélt síðan inn í húsið og sprengdi upp nokkra skápa í bakdyraganginum, en fann þar ekkert fémætt. Hann hélt því næst inn í lítið hliðarherbergi og braut þar upp tvo skápa og fann þar í öðrum eina flösku af brennivíni. Sló hann eign sinni á flöskuna. Því næst fór hann inn í skrifstofuherbergi og braut þar upp tréskáp, en fann þar ekkert fémætt. Hann braut upp skápana, sem voru allir læstir, og gerði það með því að koma fingrunum milli skáphurðar og karms. Hann hélt síðan út úr húsinu og drakk úr áfengisflöskunni.

III.

Síðar sömu nótt, sem um ræðir í II. hér að framan, hélt ákærði austur í bæ að Hlemmitorgi, og datt honum í hug að fara inn í afgreiðslu Litlu bílastöðvarinnar við það torg til að slá eign sinni á verðmæti, sem hann kynni að finna þar. Fór hann inn um lítinn opinn glugga á salerni á vesturhlið afgreiðsluhússins og var þá greiður gangur fyrir hann um allt húsið. Hann tók króka úr salernisglugganum með hníf sínum til að rífa sig ekki á þeim, er hann fór inn um gluggann. Í einu herbergi braut hann upp nokkra skrifborðsskápa, en fann þar ekkert fémætt. Í öðru her-

bergi braut hann upp skrifborðsskáp og fann þar 720 krónur í peningum, sem hann sló eign sinni á. Í öðrum skáp, sem hann braut upp, í sama herbergi, fann hann 2 flöskur af gin, 1 af whisky og 2 af brennivíni, og sló hann eign sinni á vínið. Ákærði kveðst við opnun skápanna munu hafa beitt áðurgreindum hníf sínum til að geta sveigt hurðir þeirra svo, að hann gat komizt með fingurna milli hurðar og karms. Ákærði hélt síðan á brott úr húsinu. Hann notaði áðurgreinda peninga til eigin nota, aðallega áfengiskaupa. Einnig neytti hann áfengisins og fór með nokkuð af því inn á veitingahúsið Hvol í Hafnarstræti daginn eftir og neytti þess þar og veitti öðrum af því, sem ekki er vitað um, hverjir verið hafa.

IV.

Ákærði hefur með atferli sínu, sem lýst er í I.—III. hér að framan, gerzt brotlegur gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, og einnig, að því er atferli hans í III. varðar, gerzt brotlegur gegn 18. gr. sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 164 2. október 1940 og 17. gr., 1. mgr., sbr. 37. gr., 1. mgr., áfengislaga, nr. 33 9. janúar 1935.

Á hinn bóginn eru framangreind brot ákærða framin fyrir uppkvaðningu seinasta refsíðs hans í aukarétti Reykjavíkur 14. maí sl. Ber því að ákveða honum hegningarauka fyrir framantalin brot, og þykir refsing hans með hliðsjón af 78. gr., 1. mgr., og 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna, svo og með tilliti til fyrri afbrotaferils hans, hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Þórir Hansen, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.